

11
29. maí

L Ö G

um

breyting á lögum nr. 70, 27. júní 1921, um útflutningsgjald o. fl.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmari, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fyrir „1%“ í 1. gr. laganna komi: $1\frac{1}{2}\%$.

2. gr.

11. gr. laganna er úr gildi numin, svo og lög nr. 15, 4. júní 1924.

3. gr.

Árin 1925 og 1926 greiðir ríkissjóður til aukningar á höfuðstól Ræktunarsjóðs Íslands allan tekjuauka þann, er ríkissjóður fær með þessum lögum. Frá 1. janúar 1927 skal $\frac{3}{4}$ hlutum tekjuaukans varið til rekstrarkostnaðar við strandgæsluskip, ef þörf krefur, en að $\frac{1}{4}$ hluta gengur tekjuaukinn til Ræktunarsjóðs Íslands, uns framlag til sjóðsins samkvæmt lögum þessum hefir numið 1 miljón króna.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 29. maí 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Þorláksson.